



Fundargerð 19. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 12. júní 2015, kl. 9:00 í Eldey, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Róbert Ragnarsson, Berglind Kristinsdóttir, Gísli Heiðarsson, Ásgeir Eiríksson, Johan D Jónsson, Laufey Kristjánsdóttir, Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri) og Þuríður Halldóra Aradóttir (Markaðsstofa Reykjanes).

Forföll boðuðu: Kristín Vala Matthíasdóttir og Guðjón Þ. Kristjánsson

1. Svar til Global/European Geoparks Network vegna aðildarumsóknar

Drög að svari til Global/European Geoparks Network vegna aðildarumsóknar að samþökunum lagt fram. Jafnframt er lagður fram endurskoðaður listi yfir staði, þ.e. staði sem eru áhugaverðir og mikilvægir út frá ferðaþjónustu, fræðslu og rannsóknum. Verkefnastjóra falið að vinna svarið til undirritunar og útsendingar.

2. Styrkur úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja

Reykjanes jarðvangur fékk úthlutað styrk að upphæð 1.500.000 kr. úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja til útgáfu á göngu- og útivistarkorti. Áætlað er að kortið komi út fyrri hluta árs 2016.

3. Jarðvangsvika á Reykjanesi 2015

Verkefnastjóri sagði frá jarðvangsvikunni sem fram fór dagana 25.-30. maí sl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.

Fundargerð ritaði: ESJ